

Lög

um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

I. KAFLI

Breyting á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um landamerki o.fl., nr. 41/1919, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

III. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

3. gr.

a. 6. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirlitum ríkisins skv. 4. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 151. gr. laganna kemur: Ráðherra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

4. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðherra.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, nr. 50/1928, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um laganefnd, nr. 48/1929.

6. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um bókasöfn prestakalla, nr. 17/1931, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um utanfararstyrk presta, nr. 18/1931, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kaптúna á hafnarmannvirkjum o.fl., nr. 22/1932.

9. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27/1932, með síðari breytingum.

10. gr.

- a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 4. tölul. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, með síðari breytingum.

11. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 40. gr. a laganna kemur: Ráðherra.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74/1938, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um ostrurækt, nr. 21/1939.

15. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVI. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVII. KAFLI

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944.

19. gr.

- a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 2., 27. og 29. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum.

20. gr.

- a. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með utanríkismál.
- b. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands erlendis“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
- c. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- d. Í stað orðsins „forsætisráðuneytisins“ í 4. og 5. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- e. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXI. KAFLI

**Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945,
með síðari breytingum.**

21. gr.

- a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.
- b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 1. mgr.
- c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- d. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- e. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, nr. 74/1947.

22. gr.

- a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XXIII. KAFLI

**Breyting á lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins,
nr. 44/1948, með síðari breytingum.**

23. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um hvalveiðar, nr. 26/1949, með síðari breytingum.

24. gr.

- a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr., b-lið 3. gr., 1. másl. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXV. KAFLI

**Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952,
með síðari breytingum.**

25. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXVI. KAFLI

**Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952,
með síðari breytingum.**

26. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

27. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með skipulagsmál.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

28. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. og 34. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- b. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:
Sá ráðherra sem fer með ræktun nytjaskóga á bújörðum fer með málefni sem fjallað er um í þessum kafla.
- c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.
- d. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
- e. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr., b-lið 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
- f. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjósthollssjúklinga, nr. 18/1959, með síðari breytingum.

29. gr.

- Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í b-lið 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsjóð Listasafns Íslands, nr. 41/1959.

30. gr.

- Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum, nr. 50/1961, með síðari breytingum.

31. gr.

- Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962, með síðari breytingum.

32. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXIII. KAFLI

Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

33. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 50. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

34. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, nr. 68/1962.

35. gr.

- Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, nr. 93/1962, með síðari breytingum.

36. gr.

- Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

37. gr.

- Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 43. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, með síðari breytingum.

38. gr.

- Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 10. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

39. gr.

- a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með ríkisjarðir.
- d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 5. mgr. 23. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni landbúnaðar.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, með síðari breytingum.

40. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
- b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 7. gr. og 10. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sýslumanna.
- c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
- d. Í stað orðanna „er fjármálaráðherra setur“ í 8. gr. laganna kemur: settum af þeim ráðherra er fer með lífeyrismál.
- e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, með síðari breytingum.

41. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

42. gr.

- a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
- d. Í stað orðsins „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 57. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum.

43. gr.

- Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, með síðari breytingum.

44. gr.

- Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. tölul. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt, nr. 22/1966.

45. gr.

- a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. gr. laganna kemur: Þess ráðuneytis er fer með málefni landbúnaðar.
- b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

XLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Framleiðnisjód landbúnaðarins, nr. 89/1966, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, með síðari breytingum.

47. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, nr. 33/1968.

48. gr.

- a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Kristnisjód o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum.

49. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 23. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

L. KAFLI

Breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum.

50. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, með síðari breytingum.

51. gr.

- a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneyti.

- b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr., 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- c. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Ráðuneytisstjóri sér um daglegan rekstur ráðuneytisins ásamt öðrum starfsmönnum sem það er falið.
- d. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
- e. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ tvívegis í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- f. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

LII. KAFLI

**Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971,
með síðari breytingum.**

52. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LIII. KAFLI

**Breyting á lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972,
með síðari breytingum.**

53. gr.

Í stað orðsins „Umhverfissráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

54. gr.

- a. Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 10. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um getraunir, nr. 59/1972, með síðari breytingum.

55. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. og 6. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneyti íþróttamála.
- b. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með mál-efni happdrætta.
- c. Í stað orðanna „innanríkisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytum er fara með íþróttamál og málefni happdrætta.

LVI. KAFLI

Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

56. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 4. mgr. 15. gr. a, 3. mgr. 18. gr., 4. tölul. 1. mgr. 21. gr., 6. mgr. 23. gr., 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 53. gr., 57. gr., tvívegis í 58. gr. og 3. mgr. 59. gr. laganna kemur: ráðherra.

- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 6. mgr. 11. gr., 2. mgr. 15. gr. a, 2. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 15. gr. a, 1. og 4. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 3. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- d. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 53. gr. a laganna kemur: Ráðherra.
- e. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 59. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

LVII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum.

57. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Hapdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

58. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LIX. KAFLI

Breyting á lögum um hapdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973, með síðari breytingum.

59. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LX. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

60. gr.

- a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LXI. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslustörf skólafólks, nr. 58/1974.

61. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

LXII. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum.

62. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

63. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIV. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda vinnslu sjávaraflla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12/1975.

64. gr.

- a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXV. KAFLI

Breyting á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Leiklistarskóla Íslands, nr. 37/1975.

66. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXVII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa, nr. 17/1976.

67. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með málefni sjávarútvegs.

LXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunar, nr. 25/1976, með síðari breytingum.

68. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIX. KAFLI

Breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

69. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXX. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkrapjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.

70. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXI. KAFLI

Breyting á lögum um norræna vitnaskyldu, nr. 82/1976, með síðari breytingum.

71. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXII. KAFLI

Breyting á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

72. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, með síðari breytingum.

74. gr.

- a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni iðnaðar.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

LXXV. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, með síðari breytingum.

75. gr.

- a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.
- b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

LXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingum.

76. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um þroskaþjálfu, nr. 18/1978, með síðari breytingum.

77. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

79. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. og 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 3. og 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 4. mgr. 12. gr., 13. gr. og 7. mgr. 35. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.
- d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 30. gr., 9. mgr. 35. gr. a og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögumum kemur: Ráðherra.
- e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 10. tölul. 35. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

LXXX. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

80. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXI. KAFLI

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

81. gr.

- a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með fræðslumál.

LXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48/1979.

82. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

83. gr.

- a. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni efna og efnavara.
- b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 73. gr. laganna kemur: Ráðherra.

- c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

LXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980, með síðari breytingum.

84. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, nr. 94/1980.

85. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.

86. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um Grænlandssjóð, nr. 102/1980, með síðari breytingum.

87. gr.

Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, með síðari breytingum.

88. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981, með síðari breytingum.

89. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XC. KAFLI

Breyting á lögum um horfna menn, nr. 44/1981, með síðari breytingum.

90. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XCI. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCII. KAFLI

Breyting á lögum um steinullarverksmiðju, nr. 61/1981, með síðari breytingum.

92. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með málefni iðnaðar.

XCIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68/1981.

93. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCIV. KAFLI

Breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

94. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 9. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCV. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982, með síðari breytingum.

95. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. másl. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað 1. og 2. másl. 4. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af því ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins og einum tilnefndum af ráðuneytinu sem einnig skipar formann án tilnefningar.
- c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Þess ráðherra er fer með launa- og kjaramál ríkisins.

XCVI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983.

96. gr.

- a. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCVII. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

97. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, nr. 79/1983, með síðari breytingum.

98. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., tvívegis í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCIX. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum.

99. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Ráðherra.

C. KAFLI

Breyting á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf., nr. 30/1984.

101. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CII. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.

102. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CIII. KAFLI

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

103. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIV. KAFLI

Breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984, með síðari breytingum.

104. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CV. KAFLI

Breyting á lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.

105. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CVI. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

106. gr.

- a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 2. mgr. 220. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CVII. KAFLI

Breyting á sjómannaalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CVIII. KAFLI

Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

108. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIX. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43/1985, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 11. gr. og 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CX. KAFLI

Breyting á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, með síðari breytingum.

110. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. og 23. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 9. gr., 8. mgr. 18. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
- d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. og fyrirsögn 21. gr. laganna kemur: ráðuneytis er fer með varnarmál.

CXI. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

111. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. tölul. 1. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

- b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 5. tölul. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 12. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

112. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í h-lið 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. másl. 2. mgr. og c-lið 4. mgr. 1. gr. a laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs.
- c. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í g-lið 2. mgr. 1. gr. a laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CXIII. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

113. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXIV. KAFLI

Breyting á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum.

114. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. tölul. 8. gr., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXV. KAFLI

Breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, með síðari breytingum.

115. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986.

116. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra sem fer með vísindamál.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með vísindamál.
- c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum.

117. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr., 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. og 7. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: ráðherra er fer með málefni sveitarfélaga.

CXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um orlof, nr. 30/1987, með síðari breytingum.

118. gr.

- a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
- b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXIX. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

119. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., tvívegis í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 5. mgr. 20. gr., 27. gr., 7. mgr. 28. gr., 1. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 5. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

CXX. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

120. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 117. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fræðslumál.

CXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

121. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

CXXII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

122. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða IX í lögnum kemur: Ráðherra.

CXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum.

123. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, með síðari breytingum.

124. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXXV. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, með síðari breytingum.

125. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár, nr. 40/1988.

126. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

127. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 7. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr., 2. mgr., 6. tölul. 3. mgr. og 7. mgr. 16. gr., 5. mgr. 18. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 5. mgr. 27. gr. A, 1. og 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 36. gr., 2., 6. og 8. mgr. 42. gr., 4. mgr. 42. gr. A, 1.–3. mgr. 43. gr., 47. gr., 1.–4. mgr. 49. gr., 4. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ákvæði til bráðabirgða X og XI og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögnum kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

CXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eitrefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

128. gr.

- a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 34. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CXXIX. KAFLI

Breyting á lækna­lögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

129. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXX. KAFLI

Breyting á lögum um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, með síðari breytingum.

130. gr.

- a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

131. gr.

- a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „umhverfissráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með meðhöndlun úrgangs.

CXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsmálaskóla alþýðu, nr. 60/1989, með síðari breytingum.

132. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um lögbókandagerðir, nr. 86/1989, með síðari breytingum.

133. gr.

- a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

CXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

134. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

135. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990, með síðari breytingum.

136. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, með síðari breytingum.

137. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 39/1990.

138. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ tvívegis í 2. gr., 3. gr., 6. gr. og 12. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990, með síðari breytingum.

139. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2.–4. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: ráðherra.

CXL. KAFLI

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990, með síðari breytingum.

140. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLI. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

141. gr.

- a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., 2.–4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 6.–8. gr., 3. mgr. 9. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
- c. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXLII. KAFLI

Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, með síðari breytingum.

142. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1., 2. og 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990.

143. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

144. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með mál-efni er varða heilbrigði dýra og varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXLV. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

145. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Skákskóla Íslands, nr. 76/1990.

146. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum.

147. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

148. gr.

- a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr., 6. tölul. 2. mgr. 3. gr., 1. tölul. 9. gr., 19. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 1. tölul. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990, með síðari breytingum.

149. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. másl. og d-lið 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í c-lið 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með mál-efni fatlaðs fólks.

CL. KAFLI

Breyting á lögum um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, með síðari breytingum.

150. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CLI. KAFLI

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

151. gr.

- a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b, 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLII. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum.

152. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLIII. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

153. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLIV. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum.

154. gr.

- a. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
- b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. a laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með skráningu félaga.

CLV. KAFLI

Breyting á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, með síðari breytingum.

155. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLVI. KAFLI

Breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

156. gr.

- a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLVII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

157. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

158. gr.

- a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 6. tölul. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CLIX. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

159. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- c. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum ráðuneytum innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum.
- d. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLX. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

160. gr.

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CLXI. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

161. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXII. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

162. gr.

- a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. a, 5. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr. og 4. og 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
- c. Í stað orðanna „menntamálaráðherra og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: framangreindra ráðherra, sbr. 1. mgr.

CLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

163. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 15. gr., 20. gr. og tvívegis í 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingum.

164. gr.

